



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 16. febrúar 2016

Niðurstaða athugunar á eftirliti með aðgerðum gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá Íslandsbanka hf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á aðgerðum gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá Íslandsbanka hf. með bréfi dagsettu hinn 27. júlí 2015. Athuginin beindist að tilteknum þáttum er varða eftirlit Íslandsbanka hf. samkvæmt lögum nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka. Markmið athugunarinnar var að skoða hvort staðið hafi verið með viðunandi hætti að áreiðanleikakönnun, sem framkvæma skal við upphaf samningssambands, sem og hvort reglubundið eftirlit hafi átt sér stað í kjölfarið, sérstaklega með tilliti til þess hvort uppfærðra upplýsinga um viðskiptavini hafi verið aflað.

Niðurstöður vettvangsathugunarinnar eru byggðar á gögnum og upplýsingum sem aflað var við athuginina og stöðunni eins og hún var á þeim tíma sem athuginin fór fram sem og kynningu frá regluvörslu Íslandsbanka hf.

Í samræmi við 9. gr. a. laga nr. 87/1998 birtir Fjármálaeftirlitið hér með opinberlega samandregnar niðurstöður nefndrar athugunar.

Kannað var úrtak sjö lögaðila og sjö einstaklinga.

Almennt telur Fjármálaeftirlitið að verklag bankans sé í samræmi við lög nr. 64/2006 og leiðbeinandi tilmæli nr. 5/2014 um aðgerðir gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka. Á heildina litið uppfylltu aðgerðir Íslandsbanka hf. þær kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 64/2006 sem og leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 5/2014 um aðgerðir gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka.